

## Greiðslujöfnuður og erlend staða þjóðarbúsins á fyrsta ársfjórðungi 2017

Viðskiptajöfnuður mældist hagstæður um 11,1 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2017 samanborið við 44,6 ma.kr. fjórðunginn á undan. Vöruskiptajöfnuður var óhagstæður um 35,1 ma.kr. en þjónustujöfnuður<sup>1</sup> hagstæður um 43,1 ma.kr. Jöfnuður frumþáttatekna var hagstæður um 8,7 ma.kr. en rekstrarframlög óhagstæð um 5,5 ma.kr.

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð á fyrsta ársfjórðungi 2017 og stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.<sup>2</sup>

Samkvæmt bráðabirgðayfirlitinu námu erlendar eignir þjóðarbúsins 3.909 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 3.817 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því jákvæð um 91 ma.kr. eða sem nam 3,7% af vergri landsframleiðslu (VLF) og batnaði um 48 ma.kr. eða sem nam 2% af VLF, á milli ársfjórðunga. Hrein fjármagnsviðskipti bættu erlenda stöðu þjóðarbúsins um 19 ma.kr. Skuldir lækkuðu um 74 ma.kr. og erlendar eignir um 56 ma.kr. vegna fjármagnsviðskiptanna. Gengis- og verðbreytingar höfðu jákvæð áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins um 41 ma.kr. Munar þar mest um verðhækkun á erlendri verðbréfaeign á ársfjórðungnum. Gengi krónunnar lækkaði gagnvart helstu gjaldmiðlum eða um 1,3% miðað við gengisskráningarvog.

---

<sup>1</sup> [Sjá á vef Hagstofunnar.](#)

<sup>2</sup> Sjá Hagtölur á [www.seðlabanki.is](http://www.seðlabanki.is)

**Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)**

	<u>2016, Q1</u>	<u>2016, Q2</u>	<u>2016, Q3</u>	<u>2016, Q4</u>	<u>2017, Q1</u>
<b>Viðskiptajöfnuður</b>	<b>14,4</b>	<b>32,8</b>	<b>100,2</b>	<b>44,6</b>	<b>11,1</b>
Vöruskiptajöfnuður	-26,4	-39,4	-22,4	-13,3	-35,1
Þjónustujöfnuður	29,9	64,8	122,2	43,4	43,1
Jöfnuður frumþáttatekna	14,9	12,3	4,3	19,7	8,7
Rekstrarframlög, nettó	-3,9	-4,9	-3,9	-5,2	-5,5
<b>Jöfnuður fjárframlaga</b>	<b>-0,3</b>	<b>-0,4</b>	<b>-0,2</b>	<b>-0,5</b>	<b>-0,3</b>
<b>Fjármagnsjöfnuður</b>	<b>-20,8</b>	<b>76,4</b>	<b>46,3</b>	<b>113,9</b>	<b>18,9</b>
Bein fjárfesting	-37,1	49,0	-85,0	-13,0	-4,5
Verðbréf	69,8	126,9	-32,3	58,4	59,1
Afleiður	0,7	1,1	0,8	0,4	1,3
Önnur fjárfesting	-152,2	-75,0	47,1	-32,5	-35,6
Gjaldeyrisforði	98,0	-25,6	115,6	100,7	-1,5
<b>Skekkiur og vantalið, nettó</b>	<b>-35,0</b>	<b>44,0</b>	<b>-53,7</b>	<b>69,9</b>	<b>8,1</b>

**Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)**

	<b>Staða í lok Q4 2016</b>	<b>Fjármagnsjöfnuður</b>	<b>Gengis- og verðbreytingar</b>	<b>Aðrar breytingar</b>	<b>Staða í lok Q1 2017</b>
<b>Erlendar eignir, alls</b>	<b>3.903</b>	<b>-55</b>	<b>73</b>	<b>-12</b>	<b>3.909</b>
Bein fjárfesting	1.567	-51	15	-10	1.520
Verðbréf	937	34	45	0	1.016
Afleiður*	7	1	-2	0	6
Önnur fjárfesting	577	-38	6	-3	542
Gjaldeyrisforði	816	-2	10	0	824
<b>Erlendar skuldir, alls</b>	<b>3.860</b>	<b>-74</b>	<b>33</b>	<b>-2</b>	<b>3.817</b>
Bein fjárfesting	2.001	-47	19	-6	1.967
Verðbréf	1.278	-25	8	2	1.263
Afleiður*	10	0	1	0	11
Önnur fjárfesting	570	-2	4	3	576
<b>Hrein staða við útlönd</b>	<b>43</b>	<b>19</b>	<b>40</b>	<b>-11</b>	<b>91</b>
Hrein staða við útlönd, % af VLF	1,8%	0,8%	1,6%	-0,4%	3,7%

\*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

Nánari upplýsingar veita Ríkarður Bergstað Ríkarðsson og Pétur Örn Sigurðsson á upplýsingasviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.